

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	18.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins hjá Elkem Ísland hf. Eitt nýtt frávik frá starfsleyfi kom fram er varðar ryklosun frá minni uppsprettum en hefur því fráviki verið lokað. Útistandandi voru þrjú eldri frávik; vegna geymslu á rafskautamassa, vegna deiglubrots og vegna rykmælinga frá minni ryk uppsprettum. Var fráviki vegna rykmælinga frá minni ryk uppsprettum lokað í eftirlitinu og fráviki vegna geymslu á rafskautamassa lokað í framhaldi af eftirlitinu. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Elkem tilkynnti með bréfi þann 2. mars 2018 að mælingar í minni ryk uppsprettum er fram fór haustið 2017 leiddi í ljós að rykmagn frá hreinsivirki við steypubelti, MSP 2 og MSP 1 væru yfir losunarmörkum í starfsleyfi. Með bréfinu 2. mars barst úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti. Samkvæmt þeirri áætlun átti úrbótum að vera lokið ekki síðar en 28. maí 2018. Sendi rekstraraðili svo tölvupóst þann 4. maí sl. þar sem fram kom að viðgerðum væri lokið og voru meðfylgjandi mæliniðurstöður er sýndu að ryklosun væri undir skilyrðum í starfsleyfi.

Í eftirlitinu kom fram að frekari mælingar í MSP 1 leiddu í ljós að ryklosun var yfir mörkum frá annarri uppsprettu. Skoðun á hreinsivirkinu leiddi í ljós að síupokar höfðu rifnað og var skipt um þá sama dag og eftirlitið fór fram og leiddi ný mæling í ljós að rykmagn var komið undir mörk í starfsleyfi. Er fráviki frá gr. 2.6 í starfsleyfi er því lokað.

Hefur rykmælingum frá minni ryk uppsprettum verið lokið og er því útistandandi fráviki varðandi það lokað.

Rætt var um eldra frávik vegna deiglubrots, þetta frávik er enn útistandandi en unnið er samkvæmt úrbótaáætlun.

Útistandandi var frávik vegna rafskautamassa er geymdur er geymdur er óvarinn á hafnarsvæði. Sagði fulltrúi fyrirtækisins að stefnt væri að því að koma honum í gáma fyrir 1. júní. Staðfesting á að rafskautamassinn væri komin í viðeigandi geymslu bars þann 1. júní og er þessu fráviki því lokað.

Farið var yfir kvartanir frá síðasta eftirliti. Ein kvörtun hefur borist vegna reyks frá Grundartanga frá síðasta eftirliti en ekki er talið líklegt að sá reykur hafi borist frá Elkem.

Rætt var um nýtt loftgæðakerfi, Airviro, sem Umhverfisstofnun vinnur að uppsetningu á. Fulltrúar fyrirtækisins sögðu að ekkert mál væri að leggja fram þær upplýsingar er þarfnast er fyrir kerfið.

Rætt var um að uppfæra þyrfti mæliáætlun fyrirtækisins og sendi fyrirtækið í uppfærða áætlun í framhaldi af eftirlitinu.

Farið var í skoðunarferð á hafnarsvæði fyrirtækisins og flæðigryfjur skoðaðar. Kom fram að um eins og hálf til tveggja ára notkun væri möguleg í núverandi flæðigryfjum en stækkun væri í ferli og myndi þá bætast við rúm fyrir notkun í þrjú ár í viðbót.

Frávik frá

Grein 2.6 í starfsleyfi er varðar ryklosun frá minni uppsprettum.

Lýsing á fráviki

Mælingar í MSP 1 leiddu í ljós að ryklosun var yfir mörkum. Skoðun á hreinsivirkinu leiddi í ljós að síupokar höfðu rifnað og var skipt um þá sama dag og eftirlitið fór fram og leiddi ný mæling í ljós að rykmagn var komið undir mörk í starfsleyfi. Er þessu fráviki því lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Sverrir Aðalsteinn Jónsson